

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1951**2030/EES/49/33**

frá 25. október 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 með því að framlengja hana til 2020**(Texti sem varðar EES og Sviss) (*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Áreiðanlegar og viðeigandi vísbendingar er byggjast á tímanlegum evrópskum hagskýrslum sem eru aðgengilegar öllum og nota má við stefnumótun, eru mikilvægar til að mæla framgang og meta skilvirkni stefnu og áætlana Sambandsins, einkum í samhengi áætlunarinnar Evrópa 2020 sem kynnt var í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 undir fyrirsögninni „Evrópa 2020: Stefnuáætlun fyrir snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ (Evrópa 2020) og áætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir störf, vöxt, sanngirni og lýðræðislegar breytingar.
- 2) Nálágast ætti evrópskar hagskýrslur á yfirgripsmikinn og víðtækan hátt sem lætur í té nákvæm gögn til að hjálpa til við frekara samrunaferli í Sambandinu.
- 3) Tiltækileiki áreiðanlegra og yfirgripsmikilla evrópskra hagskýrslna er mikilvægur í almannabágu og er til hagræðis fyrir þá sem taka ákvarðanir, rannsakendur og almenning.
- 4) Gott jafnvægi á milli efnahagslegra- og félagslegra markmiða í Evrópuönninni er sérstaklega mikilvægt fyrir sjálfbærni og lögmæti Efnahags- og myntbandalagsins. Til samræmis við það hafa markmið í félags- og atvinnumálum orðið umfangsmeiri innan Evrópuannarinnar, bæði með skýrslum einstakra landa og tilmælum fyrir hvert land þar metnar áskoranir í félags- og atvinnumálum og stefnuumbætur eru eflidar á grunni bestu starfsvenja. Í því skyni eru tölfraðilegar upplýsingar um félagsmál sérlega mikilvægar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar (bíður birtingar).

(1) Stjórnartíð. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 53.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. september 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2017.

- 5) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ⁽¹⁾ er með evrópsku hagskýrsluáætluninni („áætluninni“) settur rammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna í háum gæðaflokki þar sem ákveðin eru helstu svið og markmið áætlaðra aðgerða á tímabili sem samsvarar því sem nær yfir fjárhagsramma til margra ára. Því ætti að framkvæma áætlunina með sérstökum hagskýrsluáæðgerðum í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009. Árlegar starfsáætlanir ættu að byggjast á áætluninni.
- 6) Reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 ⁽²⁾ nær aðeins yfir tímabilið frá 2013 til 2017 á meðan núverandi fjárhagsrammi til margra ára nær fram til 2020. Því ætti tafarlaust að breyta reglugerð þessari til að framlengja áætlunina til 2020 og til að fylla hagskýrslueyður þar sem bráðnauðsynlegt er.
- 7) Með skírskotun til áætlunar framkvæmdastjórnarinnar um bættu lagasetningu ætti að hanna og fylgjast með stefnumálum Sambandsins í vaxandi mæli á grunni áreiðanlegra vísbendinga sem hafa traustan grunn í hagskýrslum. Evrópskar hagskýrslur gegna sérstöku hlutverki í þeim efnum og geta ráðið úrslitum, einkum í þeim málaflokkum þegar greiningargildi sem byggist á áreiðanlegum gögnum og viðbragðsflýti eru lykill þess að stefnumál skili árangri.
- 8) Vandaðar hagskýrslur eru því mikilvægar til að fá betri niðurstöður og leggja af mörkum til betri Evrópu. Gera ætti frekara átak til að auka fjárfestingar í opinberum hagskýrslum, bæði á evrópskum og landsbundnum vettvangi. Áætlunin ætti einnig að veita leiðsögn um mikilvæga málaflokka, uppbyggingu á getu og viðvarandi forgangsröðun. Jafnframt ætti að styrkja samvinnu við alþjóðastofnanir til að tryggja samhæfða nálgun við að ná markmiðum þessarar reglugerðar.
- 9) Grípa ætti til aðgerða til að takast á við þær hagskýrslueyður sem eru hvað mest aðkallandi, auka tímanleika og styðja pólitískan forgang og samræmingu efnahagsstefnu yfir alla Evrópuönnina. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti einnig að veita nýjar fólksfjöldaspár í náninni samvinnu við hagstofur aðildarríkja, þ.m.t. að því er varðar straum innflytjenda, í því skyni að uppfæra greiningu á því hvaða áhrif hækkanandi aldur þjóða hefur á félagsmál, efnahag og fjárlög og um efnahagslegan ójöfnuð.
- 10) Því ætti að styðja við skilvirka stefnumótun með tímanlegri birtingu vísa. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti, í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009, að tilkynna opinberlega um tímanleika, þ.m.t. ákvæðin um viðkomandi upplýsingar að því er varðar ófullnægjandi tímanleika sem gæti átt sér stað, sem þátt í gæðum hagskýrslna.
- 11) Þróa ætti enn frekar vistkerfisreikninga og hagskýrslur um loftslagsbreytingar sem byggjast á tilraunum, þ.m.t. þær sem varða loftslagsbreytingar og „fótspor“, með því að nota fyrirbyggjandi gögn. Evrópska orkusambandið og loftslags- og orkuramminn 2030, sem stefna að því að gera efnahags- og orkukerfi Sambandsins samkeppnishæfara, skilvirkara, öruggara og sjálfbærra, mun krefjast nýrra hagskýrslna um orkunotkun, orkunýtni, endurnýjanlega orkugjafa, orkuhæði og afhendingaröryggi, ásamt nýjum hagskýrslum um hringlaga hagkerfið.
- 12) Vandaðar hagskýrslur sem voru þróaðar, teknar saman og þeim miðlað samkvæmt áætluninni, einkum hagskýrslur um nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarfsemi, félagslegar hagtölur, hagskýrslur um umhverfismál og einnig hagskýrslur um orku og flutninga, ættu að heimila eftirlit með almennum og sértækum markmiðum áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá 2030, sem sett verður á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna og leggja þannig sitt af mörkum til að þessi almennu og sértæku markmið náist.
- 13) Framþróun ætti að eiga sér stað í því að bæta eiginlegar og megindlegar upplýsingar, sem leggja af mörkum til að þjóðhagsreikningar verði tæmandi og greiða þannig fyrir betri áætlunum, og skattagöt og undanskot frá skatti.
- 14) Framlenging áætlunarinnar er tækifæri sem nota ætti til að breyta og endurspegla nýja stöðu mála, einkum í samræmi við sýn evrópska hagskýrslukerfisins fyrir árið 2020, til að bæta við fyrirbyggjandi markmið, áframhaldandi forgangsröðun og tiltækileika gagna í því samhengi þar sem Sambandið þarf að bregðast við mikilvægum áskorunum að því er varðar efnahagsþróun og félagslega samheldni. Þetta ætti að tryggja áframhaldandi samvinnu milli

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013–2017 (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12).

framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og hagstofa aðildarríkja og ætti að tryggja reglulegar samræður við ráðgjafanefndina um evrópskar hagskýrslur sem komið var á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 234/2008/EB ⁽¹⁾. Þetta ætti einnig að tryggja samræmingu milli evrópska hagskýrslukerfisins og seðlabankakerfis Evrópu. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að fylgjast með reglufylgni aðildarríkjanna við meginreglur um evrópska hagskýrslugerð (reglur um starfsvenjur).

- 15) Einkum er mikilvægt að mæla svæði með háu hlutfalli atvinnuleysi, þ.m.t. atvinnuleysi meðal ungs fólks á landamærasvæðum.
- 16) Viðeigandi hækkun á fjárhagsáætlun vegna hagskýrslna á vettvangi Sambandsins ætti að styðja við breytingar á áætluninni og viðvarandi hagræðingu evrópska hagskýrslukerfisins með því að skapa umtalsverðan virðisauka og niðurstöður fyrir aukin gæði gagna með umfangsmiklum verkefnum, skipulögðum vogunaráhrifum og stærðarhagkvæmni sem gæti bætt hagskýrsluferð á vettvangi aðildarríkja.
- 17) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma vegna framlengingar áætlunarinnar sem nær yfir tímabilið frá 2018 til 2020 og á að vera helsta viðmiðunarfjárhæðin við árlega fjárlagagerð Evrópuþingsins og ráðsins, í skilningi 17. liðar samstarfssamningsins milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2013 um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ⁽²⁾.
- 18) Þegar framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) framlengir áætlunina ætti hún einkum að gefa gaum að afleiðingum þess að aðildarríki segir sig úr Sambandinu.
- 19) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að framlengja áætlunina svo hún nái yfir tímabilið frá 2018 til 2020, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 20) Drög að tillögum um framlengingu áætlunarinnar svo að hún nái yfir tímabilið frá 2018 til 2020, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 223/2009, hafa verið lögð fram fyrir nefndina um evrópska hagskýrsluferfið, ráðgjafanefndina um evrópskar hagskýrslur og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð til fyrirframskoðunar með ákvörðun ráðsins 2006/856/EB ⁽³⁾.
- 21) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 99/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„Framlengja skal áætlunina svo að hún nái yfir tímabilið frá 2018–2020.“

- 2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er kveðið á um áætlunarramma fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, höfuðsviðin og markmiðin með þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu 2013–2020, í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.“

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 234/2008/EB frá 11. mars 2008 um stofnun ráðgjafanefndarinnar um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 91/116/EBE (Stjtúð. ESB L 73, 15.3.2008, bls. 13).

⁽²⁾ Stjtúð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2006/856/EB frá 13. nóvember 2006 um að koma á fót hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (Stjtúð. ESB L 332, 30.11.2006, bls. 21).

- 3) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 7. gr.:

„Fjárhagsramminn vegna framkvæmdar áætlunarinnar fyrir tímabilið 2018–2020 skal vera 218,1 milljónir evra sem fellur undir áætlunartímabilið 2014–2020.“

- 4) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Árlegar vinnuáætlanir

Til að koma áætluninni í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin samþykka árlegar vinnuáætlanir er skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009 og þar sem sett skulu fram markmiðin sem þær miða að og áætlaðar niðurstöður, í samræmi við almennu og sértæku markmiðin sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að viðeigandi áhersla sé lögð á aðgerðir sem miðast að því að efla reglufylgni við reglurnar um starfsvenjur. Senda skal hverja árlega vinnuáætlun til Evrópuþingsins í upplýsingaskyni.“

- 5) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins við framkvæmd starfsemi sem fjármögnuð er samkvæmt þessari reglugerð með því að beita forvarnarráðstöfunum gegn svikum, spillingu og öllu öðru ólöglegu athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarréttur Evrópusambandsins skulu hafa heimild til að láta fara fram athugun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk frá Sambandinu samkvæmt þessari áætlun.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 (*) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 (**), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu eða annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkávörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari áætlun.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að framkvæma slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

5. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. þar sem framkvæmd aðgerðar er útvistuð eða öðrum veitt umboð þar að lútandi, að fullu eða að hluta til, eða þegar gera þarf innkaupasamning eða láta í té fjárstyrk til þriðja aðila skal samningur, styrktarsamningur eða ákvörðun um styrk innihalda skuldbindingu verktakans eða styrkþegans til að krefja hlutaðeigandi þriðju aðila um skilmerkilegt samþykki á yfirvaldi framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

(**) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).“

6) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal leggja fram framvinduskýrslu um framkvæmd áætlunar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið fyrir 31. desember 2019. Í þessari skýrslu skal ræða ítarlega um viðhorf framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) á horfum fyrir áætlunina innan fjárhagsramma til margra ára sem hefst 2021. Skýrsla þessi skal einnig lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Fyrir 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við nefnd evrópska hagskýrslukerfisins, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið lokamatsskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar. Í skýrslunni skal einkum meta:

a) niðurstöðu endurforgangsröðunar og kostnaðarmats við hagskýrsluvörur,

b) aðgerðir sem evrópska hagskýrslukerfið grípur til í því skyni að draga úr framkvæmdar- og framleiðslukostnaði aðildarríkja og takmarka heildarbyrði sem hlýst af hagskýrsluverkefnum og sviðum sem áætlunin nær til,

c) framvindu þess að auðvelda aðgengi að opinberum hagskýrslum og gera þær notendavænni, þ.m.t. afhending gagna á vefsetri Hagstofu Evrópusambandsins og

d) framvindu þess að bæta tiltækileika gagna, þ.m.t. um starfsemi í félagslegu hagkerfi og um vísa í Evrópu 2020.“

7) Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. október 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar viðaukans komi eftirfarandi:

„Grunnvirki hagskýrslna og markmið evrópsku hagskýrsluáætlunarinnar 2013–2020“

2) Innganginum er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta og annars liðar komi eftirfarandi:

„Framkvæmd á stefnu Sambandsins krefst vandaðra, samanburðarhæfra og áreiðanlegra tölfræðilegra upplýsinga um efnahagslega, félagslega, svæðisbundna og umhverfislega stöðu Sambandsins og hluta þess á lands- og svæðisvísu. Evrópskar hagskýrslur eru einnig ómissandi fyrir Sambandið, þar sem þær gera almenningi og evrópskum borgurum kleift að skilja og taka þátt í hinu lýðræðislega ferli og rökræðum um núverandi stöðu og framtíð Sambandsins.

Í áætluninni er látinn í té lagarammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna fyrir tímabilið frá 2013–2020.“

b) Í stað fjórða liðar komi eftirfarandi:

Hagskýrslur sem eru þróaðar, búnar til og þeim miðlað samkvæmt áætluninni stuðla að framkvæmd á stefnum Sambandsins, eins og þær koma fram í Sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og Evrópu 2020, og viðkomandi forystuverkefnum þess, ásamt öðrum stefnum sem settar eru fram í stefnumótandi forgangsverkefnum framkvæmdastjórnarinnar.“

3) Í kaflanum „Markmið“ komi eftirfarandi í stað markmiðs 1:

„— Markmið 1: að veita tölfræðilegar upplýsingar, tímanlega og á kostnaðarhagkvæman hátt, án óþarfa tvíverknaðar, til að styðja þróun, vöktun og mat á stefnum Sambandsins, sem endurspeglar forgangsatríði á tilhlýðilegan hátt og halda um leið jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra, svæðisbundinnar og umhverfislegra sviða og þjóna þörfum hins breiða hóps notenda evrópskra hagskýrslna, þ.m.t. annarra sem taka ákvarðanir, vísindamanna, fyrirtækja og evrópskra borgara almennt.“

4) 1. hluta, Hagskýrslur, er breytt sem hér segir:

a) Í lið 1.1., Evrópa 2020, komi eftirfarandi í stað fyrsta liðar:

„Stuðningur við Evrópu 2020 hefur að miklu leyti mótað skipulagsáætlun fyrir stefnur Sambandsins og aðildarríkjanna á komandi árum. Innan þeirrar áætlunar hafa mörg markmið og framtaksverkefni sem evrópska hagskýrslukerfið hefur afhent hagvísa fyrir hlotið samþykki á fjölda sviða, eins og að bæta aðstæður til nýsköpunar, rannsóknir og þróunarstarfsemi; stuðla að mannsæmandi vinnu, stuðla að jafnrétti kynjanna; uppfylla markmið Sambandsins um loftslagsbreytingar og í orkumálum, auðlindanýtni; hækka menntunarstig, þ.m.t. draga úr brottfalli úr námi; auka starfstengt ævinám og hreyfanleika í námi; heilbrigði á efri árum og virk öldrun; stuðla að félagslegri aðlögun og að draga úr fátækt. Þörf er á kyngreindum hagskýrslum, eftir því sem við á, til að skilja hvað kynbundin mismunun felur í sér, þar sem athygli er beint að kynbundnu ofbeldi.“

b) Markmiði 1.1.1. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að veita vandaðar, tölfræðilegar upplýsingar, sem gera skal tiltækar tímanlega fyrir Evrópuönnina, til að fylgjast með framkvæmd Evrópu 2020. Nýir vísar skulu, að því marki sem hægt er, grundvallast á tiltækum hagskýrslugögnum.“

ii. Í stað fjórða undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:

„— vísur um atvinnumál, þar sem greint er á milli hlutastarfa og fullra starfa og á milli tímabundinnar ráðningar og varanlegrar ráðningar, sem og vísur um atvinnuleysi sem taka tillit til þeirra sem taka þátt í virkjandi úrræðum á borð við þjálfun. Vísar þessir ættu að fela í sér gögn um mismun kynjanna.“

- c) Í markmiði 1.2.1. komi eftirfarandi í stað annars undirliðar í öðrum lið:
- „— veita hagskýrsluupplýsingar sem nýtast við að efla samninginn um stöðugleika og vöxt sem sérstaklega miðar að gerð og afhendingu vandaðra hagskýrslna um halla og skuldir ríkissjóðs,
 - veita hagskýrsluupplýsingar til að geta fylgst með efnahagslegum ójöfnuði á skilvirkan hátt,“
- d) Markmiði 1.3.1. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:
- „Að efla þá vísa og þær tölfræðilegu upplýsingar um hnattvæðingu efnahagslífsins og hnattrænar verðmætakeðjur sem þeir sem taka ákvarðanir í Sambandinu og almenningur hefur aðgang að. Þessar upplýsingar ættu að veita betri skilning á efnahags-, félags- og umhverfislegum áhrifum hnattvæðingar.“
- ii. Í stað þriðja undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:
- „— veita gögn sem greiða fyrir greiningu á jákvæðum og neikvæðum afleiðingum á markaðinn í Sambandinu, einkum vinnumarkaðinn í Sambandinu,
 - greina hnattrænar verðmætakeðjur, mögulega með viðeigandi aðfanga-/afurðatöflum og hagskýrslum um utanríkisviðskipti og viðskipti, þ.m.t. tenging við einstaklingsbundin gögn; og samræmingu afurðar þessarar greiningar við alþjóðlegt framtaksverkefni um hagsmuni Sambandsins, og“
- e) Í stað 2. liðar „Reikningsskilaumgjörð“, komi eftirfarandi:
- „2. Reikningsskilaumgjörð
- Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 20. ágúst 2009, undir fyrirsögninni „Verg landsframleiðsla og fleira: Framfarir mældar í breytilegum heimi“ („Verg landsframleiðsla og fleira“), og birting Stiglitz-Sen-Fitoussiskýrslunnar um mælingar á efnahagslegum árangri og félagslegum framförum, hafa hleypt nýjum krafti í lykilviðfangsefni evrópska hagskýrslukerfisins, þ.e. hvernig á að fá fram betri hagskýrslur um þverlæg málefni og samþættari hagskýrslur til að lýsa flóknum félagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum fyrirbærum umfram hefðbundnar mælingar á fjárhagslegum afrakstri. Vinna við verga landsframleiðslu innan evrópska hagskýrslukerfisins beinir sjónum að þremur forgangssviðum: hagskýrslum um heimili og tölfræðilegum upplýsingum sem mæla dreifingu tekna, neyslu og auðæfa; mæla lífsgæði á margvísan hátt og mæla umhverfislega sjálfbærni. Ný markmið sjálfbærrar þróunar á heimsvísu sem samþykkt voru 2015 veitir frekari hvata. Evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið (ESA) býður upp á samþættan og samræmdan ramma fyrir allar efnahagslegar hagskýrslur og við hann ætti að bæta öðrum vísu til að veita víðtækari upplýsingar fyrir stefnumörkun og ákvarðanatöku. Framkvæmd evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (ESA) 2010 til fulls, mun njóta stuðnings hefðbundins gæða- og reglufylgnismats þar sem tekið er tillit til áframhaldandi gildisloka á undanþágum fram til 2020 sem leiðir til frekari endurbóta í tímanleika og tiltækilega vísa.“
- f) Í stað liðar 2.1. „Árangur á efnahagslegum og félagslegum sviðum“ komi eftirfarandi:
- „2.1. Árangur á efnahagslegum og félagslegum sviðum
- Efnahagskreppan hefur aukið þörfina á vönduðum þjóðhagslegum vísu í því skyni að skilja betur og greina efnahagslegar sveiflur og jafnframt betur skilið og greint þróun efnahagslegs ójöfnunar og áhrif hans á samfélagið og greiða þannig fyrir ákvarðanatökufærlinu. Sífelld hnattvæddari framleiðsla gerir það nauðsynlegt að þróa samræmdan ramma sem auðveldar túlkun og samþættingu hagskýrslna frá mismunandi svæðum.“
- g) Í markmiði 2.1.1. er öðrum lið breytt eins og hér segir:
- i. Í stað annars undirliðar komi eftirfarandi:
- „— framleiða vísa um tekjur, neyslu- og auðdreifingu heimila, og afstemmingu lykilstærða þjóðhagsreikninga við könnunargögn um heimili eða stjórnsýslugögn.“
- ii. Í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:
- „— styrkja tengsl við þjóðhagsreikninga á sviðum félagsverndar, heilbrigðis og menntunar,
 - þróa ramma til að mæla lífsgæði styrkja sjónarmið heimila í þjóðhagsreikningum,
 - þróa verga landsframleiðslu og fleira sem varðar vísa sem mæla umhverfislega sjálfbærni og ytri áhrif út frá sjónarmiði þjóðhagsreikninga.“

- iii. Eftirfarandi undirliðir bætast við á eftir fimmta lið:
- „— auka þróun á tímanlegum félagsvísnum, þ.m.t. þróaðri tækni fyrir samtíðarspá og skyndimöt,
 - stuðningur við alþjóðlega samnýtingu gagna fyrir þjóðhagsleg gögn til að minnka byrði framleiðendur gagna og bæta tiltækileika samanburðarhæfra og samræmdra gagna fyrir notendur,
 - þróun og fínstilling samanlagðra vísa fyrir tekjur og þátta í ójöfnuði auðæfa,
 - mæling og greining á kynbundnum ójöfnuði, þ.m.t. launabilið,“
- h) Í markmiði 2.1.2. komi eftirfarandi í stað síðasta undirliðar í öðrum lið:
- „— hafa samræmdra hagskýrslur um húsnæðisverð aðgengilegar og framlengjanlegar fyrir öll aðildarríkin.“
- i) Í stað annars liðar markmiðs 2.2.1 komi eftirfarandi:
- „Markmiðið verður framkvæmt með því að:
- þróa frekar samræmt kerfi umhverfisreikninga sem „hliðarreikninga“ við aðalþjóðhagsreikningana, sem veitir upplýsingar um losun efna í andrúmsloftið, orkunotkun, flæði náttúruauðlinda, viðskipti með hráefni, umhverfisskatta og útgjöld til umhverfisverndar, mögulega að meðtöldum umhverfisvænum vexti eða innkaupum,
 - þróa frekar tilraunakennda vistkerfisreikninga sem myndu heimila notkun fyrirbyggjandi gagna, þ.m.t. þeirra sem stofnanir Sambandsins, aðilar, skrifstofur eða sérstofnanir taka saman sem hluta af langtíma framtaksverkefni um samræmingu gagna,
 - þróa frekar betri notkun á fyrirbyggjandi gagnasöfnum um tölfraðilegar upplýsingar sem varða loftslagsbreytingar og
 - þróa frekar vísa sem mæla umhverfisleg „fótspor“ sem byggjast á fyrirbyggjandi gögnum.“
- j) Markmiði 3.1.1. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:
- „Að auka skilvirkni og árangur í hagskýrslugerðarferlinu. Núverandi löggjöf varðandi undirstöðu hagskýrslna um fyrirtæki þarf að einfalda í samræmi við áætlunina um bætt lagasetningu. Í þessu samhengi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til takmarkaðs fjármagns sem framleiðendur hafa tiltæk og heildarbyrði á svarendur í samræmi við reglubundna hreysti- og frammistöðuáætlun (e. *Regulatory Fitness and Performance Programme, REFIT*) framkvæmdastjórnarinnar. Að setja fram vandaðar hagskýrslur á lykilsviðum þar sem fyrirtæki eru í brennidepli, á borð við hagskýrslur um fyrirtæki, skammtíamavísa, fjárfestingu þeirra í mannaúdi og færni, alþjóðleg viðskipti, hnattvæðingu, vöktun innri markaðarins, rannsóknir, þróun og nýsköpun og ferðaþjónustu. Beina skal sérstakri athygli að því að upplýsingar á sviði iðnaðar og þjónustu með mikinn virðisauka séu tiltækar, einkum í umhverfisvæna hagkerfinu, stafræna hagkerfinu, samvinnuhagkerfinu, og heilbrigðis-, mennta- og félagslega hagkerfinu.“
- ii. Í stað fyrsta undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:
- „— endurnota gögn sem til eru í hagskýrslukerfinu eða samfélaginu, koma á sameiginlegum lagagrundvelli fyrir hagskýrslur um fyrirtæki og framleiða sameiginlegt grunnvirki og sameiginleg tæki,
- k) Markmiði 3.2.1. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:
- „Að setja fram hagskýrslur á helstu sviðum félagsmálafestefnu þar sem borgararnir eru í brennidepli, t.d. varðandi velsæld, sjálfbærni, félagslega samheldni, fátækt, ójöfnuð, lýðfræðileg viðfangsefni, einkum hækkandi aldur íbúa, fólksfækkun, dreifing og flutningar íbúa og fólksflutninga, vinnumarkaðinn, menntun og þjálfun, þ.m.t. menntun barna, fullorðinsfræðsla, starfsþjálfun og hreyfanleiki ungmenna vegna náms, menningar, líkamsrækt, lífsgæða, öryggis, heilbrigðis, fötlunar, neyslu, frjálsrar för og innri markaðarins, hreyfanleika ungmenna, tæknijunga og nýrra lífstílmöguleika. Þessar hagskýrslur skulu aðgreindar eftir kyni, eftir því sem við á, að því er varðar hópa sem eru sérstaklega áhugaverðir fyrir þá sem móta félagsmálafestefnu. Forgangsverkefni skulu ákveðin í samræmi við 6. gr. Núverandi löggjöf varðandi undirstöðu félagslegra hagskýrslna þarf að einfalda í samræmi við áætlunina um bætt lagasetningu. Í þessu samhengi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til takmarkaðra tilfanga sem framleiðendur hafa aðgengi að og á heildarbyrði á svarendur í samræmi við reglubundna hreysti- og frammistöðuáætlun.“

- ii. Í stað fjórða undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:
- „— setja fram hagskýrslur um tekjuójöfnuð, með vísunum eins og Gini-stuðlinum og þróun í að hæstu títundarhlutar í tekjudreifingu láti í té samanburðarhæfan og landsbundinn vísi, ásamt gögnum um ójöfnuð í aðgangi að grunnvörum og þjónustu.“
- iii. Í stað sjöunda undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:
- „— koma í framkvæmd aðgerðum í starfsáætlun um að samþætta hagskýrslur um fólksflutninga þar sem tekið er tillit til nýrra áskorana, einkum í þróun á alþjóðavettvangi,
- afhenda fólksfjöldaspár og uppfæra þær árlega,
- þróa yfirlitsvísa um stöðu farandfólks innan Sambandsins,
- auka samvinnu með sérstofnunum og stofnunum varðandi stöðu flóttafólks,
- þróa aðferðafræði um könnun að eigin frumkvæði á kynbundnu ofbeldi, í samvinnu við evrópskar stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanirsem starfa á þessu sviði,
- koma á sameiginlegum lagagrundvelli fyrir hagskýrslur um félagsmál og framleiða sameiginlegt grunnvirki og sameiginleg tæki.“
- l) Í lið 3.3. „Landfræðilegar hagskýrslur og hagskýrslur um umhverfismál, landbúnað og aðra geira“, komi eftirfarandi í stað þriðja liðar:
- „Landbúnaður verður áfram mikilvægur málaflokkur í Sambandinu. Sameiginlega landbúnaðarstefnan undirstrikar þörfina fyrir fæðuframléiðslu, sjálfbæra stjórnun náttúruauðlinda og aðgerðir í loftslagsmálum og jafna svæðisbundna þróun, sem eru meginmarkmið þeirrar stefnu. Áhersla verður lögð á þætti sem tengjast umhverfismálum, líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfinu, efnahagsmálum, heilbrigði manna og öryggi og félagsmálum.“
- m) Markmiði 3.3.1. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:
- „Að styðja gagnreynda stefnumótun með enn sveigjanlegri og meiri notkun landupplýsinga í tengslum við félagslegar, svæðisbundnar, efnahagslegar og umhverfislegar tölfræðilegar upplýsingar um svæði, svæðisbundnar gerðaflokkar, borgir og stig þéttbýlismyndunar.“
- ii. Eftirfarandi undirliðir bætast við annan lið:
- „— innleiða notkun á hagskýrslum um landnotkun og landþekju,
- samræma hagskýrslur fyrir svæði, borgir og svæðisbundnar gerðaflokkar.“
- n) Markmiði 3.3.3. er breytt sem hér segir:
- i. Eftirfarandi liður bætist við á eftir fyrsta lið:
- „Í samræmi við forganginn sem „Evrópska orkusambandið“ nýtur hjá framkvæmdastjórninni og, er að því marki sem unnt er grundvallað á fyrirliggjandi gögnum, verður sérstakri athygli beint að hagskýrslum sem varða orkunotkun, orkunýtni, endurnýjanlega orkugjafa, orkuhæði, þætti í orkufátækt og afhendingaröryggi og hringlaga hagkerfið. Enn fremur munu hagskýrslur um orkumál þurfa að styðja loftslags- og orkurammann 2030 sem stefnir að því að gera efnahags- og orkukerfi Sambandsins samkeppnishæfara, öruggara og sjálfbærara.“
- ii. Eftirfarandi undirliður bætist við annan lið:
- „— orkuhæði og afhendingaröryggi.“
- o) Markmiði 3.3.4. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:
- „Að setja fram hagskýrslur um landbúnað, sjávarútveg og skógrækt til að þróa og vakta sameiginlegu landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnurnar, sem endurspeglar lykilskipulagsmarkmið Sambandsins í tengslum við sjálfbærni, sem og dreifbýlisþróun með því að framkvæma reglulega aðgerðir sem tengjast þróun, gerð og miðlun hagskýrslna. Núverandi löggjöf varðandi hagskýrslna um landbúnað þarf að einfalda í samræmi við áætlunina um bætt lagasetningu. Í þessu samhengi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til takmarkaðra tilfanga sem framleiðendur hafa aðgengi að og á heildarbyrði á svarendur í samræmi við reglubundna hreysti- og frammistöðuáætlun.“

ii. Eftirfarandi undirliðir bætast við annan lið:

„— undirbúa og framkvæma landbúnaðarkönnunina sem áætlað er að fari fram 2020,

— koma á sameiginlegum lagagrundvelli fyrir hagskýrslur um landbúnaðartengd málefni og framleiða sameiginlegt grunnvirki og sameiginleg tæki.“

5) Í II. hluta er „Aðferðir við gerð evrópskra hagskýrslna“, breytt eins og hér segir:

a) Í stað inngangslíðar komi eftirfarandi:

„Evrópska hagskýrslukerfið fæst um þessar mundir við nokkrar áskoranir. Væntingar um gildissvið, gæði og sambærileika evrópskra hagskýrslna fara vaxandi. Með hnattvæðingu hefur flókin veruleiki komið í ljós og verður að takast að færa hann inn í opinberar hagskýrslur og sem vekur upp aðferðafræðilegar áskoranir. Síaukið framboð gagna frá einkaaðilum og hinu opinbera býður upp á möguleika til að bæta tímanleika og mikilvægi opinberra hagskýrslna ásamt því að draga úr svarbyrði. Evrópska hagskýrslukerfið mun, í því skyni að takast á við þessar áskoranir á sama tíma og glímt er við takmarkanir á tilföngum, framkvæma í áföngum stefnumótandi markmið sem skilgreind eru í Framtíðarsýn evrópska hagskýrslukerfisins 2020 og byggja það á heildrænni nálgun til að bæta gæði og skilvirkni við að:

— taka virkan þátt í reglulegu samtali við notendur til að skilja þörf þeirra enn nánar og viðurkenna að ólíkir notendahópar hafa mismunandi þarfir sem þarf að fjalla um á réttan hátt,

— láta í té hágæðavörur og -þjónustu og bæta gæðanálgu á stjórnun, skipulagi og stjórnarhætti evrópska hagskýrslukerfisins,

— grundvalla hagskýrsluvörur og -þjónustu á bæði hefðbundnum könnunum og öðrum tilföngum, þ.m.t. stjórnsýslugögnum, landfræðilegum gögnum og, þegar hægt er, stórgögnum,

— fá aðgang að nýjum gagnalindum, búa til aðferðir og finna viðeigandi tækni til að nota slíkar gagnalindir til að taka saman evrópskar hagskýrslur á áreiðanlegan hátt,

— bæta skilvirkni í gerð hagskýrslna með því að efla miðlun þekkingar, reynslu og aðferðafræði en einnig með því að miðla úrræðum, gögnum, þjónustu og tilföngum þegar það er viðeigandi og tilhlýðilega réttlætanagerlegt. Samstarfið mun byggjast á viðurkenndum stöðlum og sameiginlegum þáttum í tæknilegu- og tölfræðilegu grunnvirki,

— til að framkvæma miðlunar- og samskiptaáætlun fyrir evrópskar hagskýrslur sem er nógu sveigjanleg til að laga sig að nýtilkominni tækni, veitir leiðbeiningar í heimi gagnabyltingar og gegnir hlutverki sem áreiðanleg undirstaða lýðræðis.“

b) Í markmiði 1.1. komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar í þriðja lið:

„— taka upp nýtt samþætt, skilvirkt og nothæft gæðatryggingakerfi sem byggt er á reglum um starfsvenjur og gæðatryggingaramma evrópska hagskýrslukerfisins,

— meta reglufylgni við reglurnar um starfsvenjur.“

c) Markmiði 4.1. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður bætist við á undan fyrsta lið:

„Ríkisborgarar í Evrópu ættu að geta skilið evrópskar hagskýrslur auðveldlega og án hindrana til að hjálpa þeim að nota slík gögn við fræðslu sína og ákvarðanatöku. Markmið þetta verður framkvæmt með því að auka notendavænleika evrópskra hagskýrslna og greiða fyrir aðgengi að gögnum. Beina skal sérstakri athygli að auðveldla endurheimtanleika og breytanleika tölfræðilegra gagna til hagnýtrar notkunar, þ.m.t. með línuritum og kortum. Fleiri ríkisborgarar ættu að njóta hagræðis af evrópskum hagskýrslum og leggja því á skilvirkan hátt af mörkum til að auka miðlum tölfræðilegra upplýsingar um allt samfélagið.“

ii. Eftirfarandi undirliður bætist við fimmta lið:

„— greina gagnakröfur, bæði núverandi og framtíðar, til að veita fjölnota og sérstaklega sniðnar vörur og þjónustu fyrir endanlegan notanda.“

d) Í markmiði 5.1. er eftirfarandi undirlið bætt við eftir þriðja undirlið í fjórða lið:

„— greina þörf á nýrri færni sem tengist gagnavísindum og samþættingu þeirra við námsáætlanir.“

6) Í III. hluta „Samvinna“, er eftirfarandi undirliðum bætt við eftir fjórða undirlið annars liðar í markmiði 1.4:

- „— auka vitundarvakningu ríkisborgara í Evrópu um mikilvægi opinberra hagskýrslna og samskipta við alla hagsmunaaðila með því að fagna evrópska hagskýrsludeginum hinn 20. október á hverju ári,
 - miðla viðkomandi tölfræðilegum gögnum til að styðja evrópsku nágrannastefnuna og viðeigandi samstarfssamninga,
 - stuðla að evrópskum gildum og framtaksverkefnum eins og bestu starfsvenjum, gæðatryggingarramma evrópska hagskýrslukerfisins og stöðlun og samræmingu nálgunar við þriðju lönd og svæði“.
-